

AUGLÝSING

um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar, nr. 465/2019, um félagslegt leiguhúsnæði.

1. gr.

2. og 3. mgr. 22. gr. reglnanna breytast og verða svohljóðandi:

Að jafnaði skal gerður ótímabundinn leigusamningur nema fyrir því séu málefnalegar ástæður að gerður skuli tímabundinn leigusamningur um áfangahúsnæði. Að jafnaði eru gerðir ótímabundnir leigusamningar vegna þjónustuíbúða aldraðra og vegna húsnæðis fyrir fatlað fólk.

Leigusamningar er varða áfangahúsnæði skulu vera tímabundnir til að minnsta kosti eins árs. Heimilt er að endurnýja leigusamninga vegna áfangahúsnæðis, í kjölfar ákvörðunar á úthlutunarfundi, tvisvar sinnum. Fullnægi leigutaki þeim kröfum sem gerðar eru í samningi um eftirfylgd að mati úthlutunarfundar og ekki er lengur talin þörf á sérstökum stuðningi ráðgjafa er heimilt að gera ótímabundinn leigusamning skv. 2. mgr. 22. gr. reglna þessara.

2. gr.

Breytingar á reglum þessum, sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 21. janúar 2026 og á fundi borgarráðs 29. janúar 2026, og eru byggðar á XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og 4. tl. 13. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 30. janúar 2026.

Heiða Björg Hilmysdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 13. febrúar 2026